

Samkomulag um samstarf Specialisterne á Íslandi og Hafnarfjarðar

Hafnarfjörður kt.590169-7579 (verkkaupi) og Specialisterne á Íslandi kt. 650210-1900 (verksali) gera með sér eftirfarandi samkomulag á tímabilinu 1. janúar 2017 – 31. desember 2017

1. gr.

Markmið samkomulagsins er að veita starfsþjálfun og gera starfsmat hjá verksala fyrir fatlaða atvinnuleitendur sem skráðir eru hjá verkkaupa, til að auka möguleika á atvinnuþátttöku á almennum vinnumarkaði.

2. gr.

Verkkaupi vísar skjólstæðingum til verksala sem verður þeirra þjónustuaðili.

Fjöldi atvinnuleitenda yfir árið fer eftir framvindumati en miðað er við að hámarki tvö starfsþjálfunarrými geti verið fullnýtt hverju sinni. Samningurinn er sveigjanlegur, gjald miðast við áætlaða þjónustuþörf sveitafélags og er reiknað með að Kópavogur verði að jafnaði með einn til tvo einstaklinga hjá verktaka hverju sinni.

Viðverutími hvers og eins þjónustunotenda er fjórir tímar á dag .

3. gr.

Verksali leggur til húsnæði og sérfræðipekkingu og tryggir þannig að gæði starfsins séu fullnægjandi, að mati verkkaupa.

Verksali skilar stöðumati/skýrslu tvisvar á ári, þ.e í maí og desember, til verkkaupa um framvindu þeirra einstaklinga sem unnið er með hverju sinni.

4. gr

Verkkaupi greiðir skv. reikningi frá verksala allt að kr.90.000 á mánuði í heild, þá mánuði sem skjólstæðingar verkaupa eru í starfsþjálfun hjá verksala. Á reikningi skal koma fram nöfn einstaklinga og tímafjöldi á hvern og einn þeirra.

Hafnarfjörður, 2. júní 2017

f.h. Hafnarfjarðar

f.h Specialisterne